
Menningarmál


Satt að segja brá mér nokkuð, þegar ég heyrði þær fréttir að Eyjólfur J. Eyfells ætlaði að halda yfirlitssýningu á verkum sínum að Kjarvalsstöðum.

Ég hélt reyndar að sá mæti maður væri horfinn á vit feðra sinna fyrir löngu og hér væri einhver að gera aðra Ragnheiði biskupsdóttur í málaralistinni.

En sem betur fer reynist Eyjólfur vel lifandi, 89 ára gamall og nálgast 90 árin, og hafa afkomendur hans tekið saman þessa sýningu á úrvali verka hans frá upphafi, 125 að tölu. Er þetta ekki sölusýning, og eru verkin öll í einkaeign.



DÚS VIÐ NÁTTÚRUNA



Elsta málverkið sem hér er til sýnis er frá 1908, af Gaulverjabæ og gefur það tóninn fyrir vinnubrögð Eyjólfs fram á þennan dag. Er það laust og varfærnislega málað og togast þar á löngunin til að túlka og löngunin til staðlýsingar og verður hið síðarnefnda alljafnan ofan á í myndum hans.

Einnig eru stærð þessarar myndar og litir hennar nokkuð einkennandi fyrir verk Eyjólfs sem heildar, — þau eru yfirleitt smá og er myndfleti skipt alljafnt milli forgrunns, fjalla og himins, og litir eru aldrei glannalegir. Þótt einkennilegt megi virðast, er túlkun Eyjólfs frjálsari í þessari mynd frá 1908, en þeim sem á eftir fylgja, en það eru að mestu skipamyndir t.d. af „Jóni forseta" (1917) og „Gullfossi" (1915). Er greinilegt að Eyjólfur hefur þá verið orðinn dús við íslenzka náttúru, en hefur átt erfitt með að fella þessa stóru móstruðu dalla inn í skaut hennar. Sennilega hafa þau höfðað meir til staðarmálarans í Eyjólfi og leggur hann því alla áherzlu á nákvæma lýsingu þessara tímamótaskipa á reykháfa þeirra og kýraugu. Nær barnslega smásmugulega teiknuð liggja þessi skip eins og útklippt á hafi sem myndast við að bylta sér og þeim. Enda tekur Eyjólfur aftur til við að mála sitt landslag. Í því er enginn ofsi, heldur er yfir því rómantiskur rósemis og værðarhjúpur, eins og á eilífu vorkveldi, og einu merkin um landnám eru hús eða kofar sem oft virðast samgróin landinu.


Eðli landslagsmálverks Eyjólfs breytist lítið með árunum, en sem teiknara fer honum fram. Fram yfir 1930 má finna klaufalega og harða teikningu í verkum hans, útlínur fjalla leggjast eins og pappírsörk ofan á bakgrunn, en í seinni verkum hans losnar mikið um vinnubrögðin og pensilför hans verða frjálsari og sneggri Millispil á ferli Eyjólfs er svo dvöl hans í Þýskalandi 1923-24 undir handleiðslu prófessors Castelli í Dresden. Frá þeim tíma eru líklega (ég gat ekki komið auga á ártöl) myndirnar nr. 100-104, m.a. myndir af fólki. Merkilegust þeirra er mynd af gömlum manni (nr. 103) þar sem Eyjólfur sýnir sæmilegt vald yfir akademiskri höfuðmálun og athyglisverð er einnig kópía hans af barnshöfði þar við hliðina. Synist mér Eyjólfur vera að kópera eitt af hinum viðkvæmnislegu börnum Spánverjans Murillo úr Dresden listasafninu. Sýnir það nokkuð á hvaða leið list Eyjólfs stefndi. Þennan höfuðlærdóm notaði hann sér ekki er heim kom, 1924, því landslagið átti hug hans allan.

Eyjólfur málar enn og eru einna nýjustu myndir hans frá Spáni (nr. 78-83) baðaðar sólarljósi en lausar við sólroðavæmni og er eins og Eyjólfur telji sig ekki þurfa að lýsa sólarlöndum eins nákvæmlega og föðurlandinu, því túlkunin er frjálsari en oft áður.

Þegar þessi yfirlitssýning er athuguð sem sú heild, sem lífsstarf málara er, kemur í ljós það sem margir vissu, þ.e. að Eyjólfur Eyfells var ekki brautryðjandi eða stórbrotinn málari og má e.t.v. segja, að hann og fleiri „bókstaflega málandi" íslenskir listamenn hafi haft slæm áhrif á íslenska áhugamálara. En Eyjólfur hefur í hógværð sinni vart ætlað sér að ryðja nýjar brautir, heldur aðeins að vera sjálfum sér samkvæmur og leyfa öðrum jafnframt að njóta þess sem hann sá á ferðum sínum. Og líklega skaut Helgi Pjéturss. ekki langt framhjá marki, er hann sagði 1930 um Eyjólf að hann væri „blíðlyndastur íslenskra málara." Margur málarinn hefur séð fram á verri eftirmæli.

Sýning Eyjólfs J. Eyfells stendur til 6. júlí.

MYNDLIST




eftir Aðalstein Ingólfsson

HVAÐ VANTAR?

Í útileguna Látið okkur aðstoða yður

Bjóðum m.a. tjöld í miklu úrvali, svefnpoka, vindsængur, bakpoka, tjaldborð og stóla, kælitöskur, sjónauka og ótal margt fleira. Hvergi betra verð





VEIÐIMENN

Hjá okkur fáið þið allt í veiðiferðina

m.a. stangir, hjól, línur, flugur, túpur, lúrur, vöðlur, veiðitöskur, léttar og þægilegar veiðikápur og jafnvel maðkinn.

Hvergi meira úrval

Póstsendum um land allt

SPORTVAL

HLEMMTORGI — SÍMI 14390

VÍSIR flytur helgarfréttirnar á mánudögum. Degi fyrr en önnur dagblöð.
(gerist áskrifendur)

Fyrstur með fréttirnar VÍSIR

Vísir vísar á viðskiptin